

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 15. október 2020 eftirfarandi:

Lóð neðan Hraunsholtsbrautar við Drafnarás, óveruleg breyting á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis).

Tillagan gerir ráð fyrir lóð fyrir dælustöð neðan við Hraunsholtsbraut.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsstjóri Garðabæjar, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsstjóra í viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Vesturtún 38-40, óveruleg breyting á deiliskipulagi Vesturtúns.

Breytingin gerir ráð fyrir hækkun hámarks mænishæðar um 70 sm, úr 5,7 m í 6,4 m. Samþykkt 29. september 2020.

Grenilundur 10 og 12, óveruleg breyting á deiliskipulagi Lunda.

Breytingin gerir ráð fyrir breytingu á byggingarreitum húsanna. Samþykkt 26. október 2020.

Blikanes 22, óveruleg breyting á deiliskipulagi Arnarness.

Breytingin gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits til norðausturs vegna viðbyggingar við norður-álmú íbúðarhúss. Samþykkt 11. nóvember 2020.

Brúnás 12, óveruleg breyting á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis).

Breytingin gerir ráð fyrir því að bygging nái lítilliga út fyrir byggingarreit, að gólfkóti aðal-hæðar hækki um 20 sm og að vegg-hæð hækki lítilliga að hluta. Samþykkt 22. desember 2020.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 25. janúar 2021.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.